



E-kort

– hagstæð fyrir einn en óhagstæð fyrir fjöldann?

Fyrir á árinu var hringt í gamsann minn frá bankanum og mér boðið nýtt kreditkort. Ég er með einfaldasta Visa-kortið sem hægt er að fá; það er án trygginga og árgjaldið er 2.600 krónur. Það var reynt að bjóða mér „e-kort“ og þar með hefði ég fengið 0,5% endurgreiðslu á innlendum færslum gegn 4.500 króna árgjaldi. „Það gæti komið til greina“, sagði ég, „nema að ég er búinn að borga árgjald kortsins sem ég á nú þegar og vil ekki borga aftur“. „Já, við myndum fella niður árgjald nýja kortsins fyrsta árið“, sagði sölumaðurinn. Ég sagðist þurfa að hugsa málið.

Það þarf ekki lengur búfé, tún eða hest til að lifa af á Íslandi, en það þarf bæði debet- og kreditkort. Ég hélt einu sinni að ég gæti verið bara með debetkort, en það tókst ekki. Ég var með árgjaldslaus bandarískt kreditkort sem ég gat notað í neyðartilfellum (eins og til að panta á netinu), en vegna þess að ég afla mér tekna á Íslandi vildi ég helst nota það sem minnst. Ég varð fljótlega þreyttur á að þurfa að taka bilastæðamiðann inn í Leifsstöð og borga á kassanum þar vegna þess að sjálfsalarnir úti

á bilastæðinu taka ekki debetkort. Þá var ég kominn með símaþjónustu og vefhýsingu og fékk miklu betri kjör með því að borga með kreditkort. Ég gafst upp.

Svo er ekki heldur hægt að lifa án debetkorts á Íslandi. Það þarf debetkort fyrir tvennt: hraðbankaúttekt, sérstaklega í útlöndum þar sem úttekt með kreditkort er mjög dýr, og Sorpu í Reykjavík. Dósir og flöskur fást ekki endurgreiddar án debetkorts. Sorpa tekur ekki við kreditkort.

En aftur að söguþræðinum. Það hlýtur að vera frekar óvenjulegt að fá símtal frá banka sem reynir að fá mann til að skipta um kreditkort. Það hlýtur að hafa verið í því hagur fyrir bankann að hringja í mig og sannfæra mig um ágæti þess að vera með e-kort. Svona eru viðskipti – þó að bankinn léti eins og þetta snerist bara um aukna þjónustu við mig. Hver gæti þessi hagur verið? Af hverju vildi bankinn endurgreiða mér 0,5% af veltu minni – og jafnvel borga starfsmanni til að reyna að sannfæra mig?

Gæti það verið vegna þess að bankinn veðjar á að ég muni ekki verða með nógu mikla veltu til að vege upp mismuninn á milli árgjaldanna? Núverandi árgjald mitt er, sem fyrr segir, 2.600 kr. Árgjald fyrir endurgreiðslukortið er hins vegar 4.500 kr., sem þýðir að ég þyrfti að fá 1.900 kr. endurgreiðslu á ári til að láta e-kortið borga sig. Til þess þyrfti ég að vera með veltu upp á 380.000 kr. á ári og ekki er ég alveg viss um að ég nái því. En kortafyrirtækið var til í að fella niður árgjaldið. Og margir neytendur hljóta að vera með nægilega veltu til að vege upp mismuninn. Það þarf að leita að öðru svári.

Ég fann sennilegra svar með því að skoða vefsíðu Valitors (Visa á Íslandi), undir flipanum „Fyrirtækjalausnir“ og svo „Gjaldskrá“ – síðu sem venjulegir neytendur sækja sjaldan. Hér kemur fram að verslun/seljandi sem tekur við debetkort þarf að borga til Visa 0,35% til 0,80% þóknun af hverri færslu. Hins vegar þarf verslunin að borga 0,90%-1,99% af kreditkortafærslum til Visa (og fær sjálf ekki greitt fyrir en um mánaðamót). Svipaðar tölur eru á vefsíðu

Mastercard (www.borgun.is). Segjum, til dæmis, að seljendur borgi að meðaltali 0,5% fyrir að taka debetkort og 1,5% fyrir að taka kreditkort. Ef ég kaupi 4.000 kr. lambahrygg í Bónus með Visa, þá fær kortafyrirtækið 20 kr. ef ég nota debetkort en 60 kr. ef ég nota kreditkort. Jafnvel þó að ég fengi 0,5% endurgreiðslu af kreditkortafærslunni fengi Visa 40 kr. í staðinn fyrir 20 kr.

Venjan í greiðslukortageiminum er sú að bankinn sem gefur út kortið fær hluta af þóknuninni. Þetta gæti útskýrt hvers vegna það var bankinn (en ekki Visa) sem hringdi í mig. Auk þess er Ekort ehf., sem rekur endurgreiðslukortakerfið á Íslandi, að hluta til í eigu þessa banka.

Ég veit ekki alveg hvort þessi kenning er rétt, en hún er að minnsta kosti trúverðug. Hvað sem öðru líður þá er það sérkenni allra endurgreiðslukorta að hvetja neytendur (með minniháttar hlunnindum eins og endurgreiðslu og flugpunktum) til að nota kortið sem mest og hámarka þannig endurgreiðsluna. Algengt er að neytendur sem eru nýkomnir með endurgreiðslukreditkort reyni að færa alla kortanotkun af gömlu debetkorti yfir á nýja kortið.



Frábær reynsla af Húsgagnahöllinni

Í haust flutti ég úr foreldrahúsum á Vestfjörðum til Reykjavíkur til að hefja nám. Ég fann herbergi með eldhúsaðstöðu til leigu í kjallara í Kópavogi á sanngjörmu verði. Ég tók að mér að mála og skipta um gólfefni og gerði eins huggulegt hjá mér og hægt var með takmörkuðum fjármunum. Mig vantaði húsgögn og var góður hornsófi efstur á óskalistanum. Eftir nokkra athugun fann ég í Húsgagnahöllinni fallegan tungusófa sem féll alveg að mínum smekk. Ég staðgreiddi yfir 100.000 kr. af sumarhýrunni og fékk sendibíl til að flytja sófann heim.

Bilstjórinn hjálpaði mér að bera sófann inn í kjallaraganginn. En það runnu á mig tvær grimur þegar að herbergisdýrunum var komið. Sófinn komst engan veginn inn.

Þannig eru neytendur óávitandi komnir í samstarf við kortafyrirtækin um að reyna að hámarka tekjur banka og kortafyrirtækja. Þóknarir á kreditkortum eru hærri. Seljendur þurfa að vísu að hækka verðið en vegna þess að verðhækkunin er ógegnsæ verða neytendur ekki varir við hana. Þeir taka helst eftir þeim áþreifanlegu hlunnindum sem þeir fá með því að nota kreditkort. Jafnvel þeir sem skilja hvað er í gangi geta ekki unnið einir á móti þessari þróun. Ef allir hinir borga með kreditkorti þá er það hagur hvers neytenda að nota kreditkort líka, þó að það væri sameiginlegur hagur allra neytenda að nota bara debetkort.

Einstaka seljendur geta ekki heldur unnið á móti þessu. Samkvæmt skilmálum kortafyrirtækjanna þurfa þeir að taka við öllum greiðslukortum, jafnvel þeim sem eru með háa þóknun. Seljandi getur ekki afþakkað tiltekna gerð kreditkorts án þess að afþakka líka öll önnur kort.

Þetta málefni hefur verið í brennidepli í mörgum löndum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hóf formlega rannsókn í mars 2008 á skilmálum Visa sem snúast um að verslanir megi ekki hafna kortum

með hærri þóknunum. Seðlabanki Ástralíu setti þak á þóknarir og í kjölfarið hefur notkun debetkorta stóruaukið. Fyrir nokkrum árum hófu Wal-Mart og aðrar bandarískar verslanir hópmálsókn á móti Visa og MasterCard og kröfðust þess að geta hafnað kortum sem eru með hærri þóknarir. Hópmálsóknin varð sú stærsta í sögu Bandaríkjanna og áhugaverð að því leyti að stefndur voru ekki neytendur heldur kaupmenn. Hún var útkljáð árið 2003, en málið hefur aldrei verið leyst með lögum og bandaríska þingið hefur nýlega tekið það upp. Áhugasamir lesendur geta fundið frekari upplýsingar með því að leita á netinu undir ensku orðunum „interchange fees“ og „merchant accounts“.

Fyrir hvern stakan neytanda virðast endurgreiðslukort ódýr og skynsamlegur kostur, en í raun og veru leiða þau til hærri verðlags fyrir alla. Með þeim sýnast mér neytendur fengnir með í að beina aukapeningum til banka og kortafyrirtækja með því að þiggja prósentu af verðhækkuninni sem þvinguð er á verslanir – og, þegar öllu er á botninn hvolft, á þá sjálfa.

Ian Watson

Skjallarinn

Það er ekki full lofthæð í kjallaranum og þar að auki er beygja inn að dyrunum og sófinn er 2,30 metrar að lengd. Bilstjórinn þakkaði fyrir viðskiptin og ég sat eftir á mjóum gangi með risastóran sófa sem komst hvorki lönd né strönd.

Ég hringdi í vinkonu mína og við bösluðum heila kvöldstund við að koma sófanum inn í herbergið mitt. Við prófuðum að snúa honum og hvolfa og taka gereftið úr dyrunum. Ég henti mér meira að segja grátandi í gólfíð en ekkert stóðaði. Ég vissi það að verslunin gat alveg neitað mér um að láta kaupin ganga til baka og ekki hafði ég efni á að sitja uppi með 100.000 kr. inneignarnótu ef ég fyndi engan minni sófa sem mér hugnaðist í búðinni.

Ég samdi ræðu í huganum og höfðaði þá til reynsluleysis, fjarveru foreldra minna og stöðu fátæka námsmannsins. Svo gekk ég auðmjúk inn í Húsgagnahöllina og sneri mér að sölumanni. Þvílík þjónusta og góðvild; þeir vildu allt fyrir mig gera. Starfsfólk var fengið til að taka sýningareintakið til gagn-gerrar skoðunar, áklæðinu var svipt af og kannað hvort það væri einhver leið til að koma sófanum inn í herbergið í bútum. Þegar ljóst var að það gengi ekki fékk ég að vita að mér væri velkomið að skila sófanum og ég fengi endurgreidda upphæðina. Það var í lagi þótt ég hefði tekið plastið af að því tilskildu að sófinn væri óskaddaður. Það voru létt spor sem ég tók út úr Húsgagnahöllinni reynslunni ríkari og ég get alveg mælt með því að versla þar.